

anda með hinum áfrýjaða dómi er gjört að greiða 8 kr. sekt í landssjóð samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819 eins og líka á ákvæði dómsins um málskostnað, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm.

Með því að hinn stefndi eigi hefur gjört kröfu til málskostnaðar fyrir yfirdómi, verður hann að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur, undir aðför að lögum.

Mánudaginn 2. septembermán.

Nr. 41/1889

Híð opinbera
gegn
Jóni Ívarssyni

D ó m u r :

Með dómi, gengnum fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur 6. júní p. á., var hinn kærði Jón Ívarsson, til heimilis í Görðunum við Reykjavík, dæmdur samkvæmt 2. og 9. gr. laga 10. febr. 1888, um veitingu og sölu áfengra drykkja, í 30 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og málskostnað allan, fyrir að hafa haldið uppi ólöglegum vínveitingum í veitingahúsinu «Geysi» í Reykjavík án vínsöluleyfis, en að öðru leyti var hann dæmdur sýkn af kæru hins opinbera í málinu.

Þessu máli hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins kærða.

Hinn kærði, Jón Ívarsson, hefur um nokkurn tíma

að undanfögnu haft leyfi til að hafa veitingar í veitingahúsinu Geysi í Reykjavík, samkvæmt leyfisbræfi útgefnu af hlutadeigandi amtmanni 5. júlí 1887, en á síðastliðnum vetri fjekk hann meðákærða fyrir undirrjettinum, Finni Finnssyni, í hendur skriflegt afsal á veitingarjettinum í Geysi samkvæmt amtsleyfinu, en það afsal var, eptir framburði kærða, sem eigi er næg ástæða til að rengja, aðeins fengið Finni í því skyni og með því skilyrði, að Finnur fengi veitingarjettinn í Geysi. Finnur Finnsson sótti síðan um vísóluleyfi samkvæmt ofannefndum lögum, 10. febr. 1888, 6. gr., en það varð árangurslaust. 1. maí þ. á. gjörðu þeir þá samning með sjer, kærði og Finnur, þess innihalds meðal annars, að Finnur skyldi upp frá þeim degi, með missiris uppsögn frá beggja hálfu, standa fyrir veitingum í Geysi, fyrir hönd Jóns Ívarssonar og fyrir reikning hans, samkvæmt fyrnefndu amtsleyfi Jóns, og skyldi Finnur hafa ákveðin laun á ári fyrir starfa sinn. Tók síðan Finnur við forstöðu veitinganna samkvæmt þessu og rak þær til þess er þetta mál var höfðað, en þá var hætt við þær eptir banni bæjarfógetans; en Jón Ívarsson gekk í þjónustu E. Egilssonar í Görðunum í Reykjavík, og var svo umsamið milli þeirra, að Jón skyldi standa fyrir verzlun, er Egilsson ætlaði að hafa þar, en af verzluninni gat ekki orðið, og er Jón nú hjú Egilssons eða þjónustumaður.

Undirdómarinn hefur nú komið að þeirri niðurstöðu, að veitingar þær, er þannig hafi fram farið í «Geysi» síðan 1. maí þ. á., hafi verið ólöglegar, af því að kærði hafi, með því að ganga í þjónustu annars manns og með því að hætta að hafa sjálfur bein afskipti af veitingum í Geysi, sleppt rjetti sínum til

vínsöllumnar eða misst hann, og hefur því kærði, sem hefur lýst því yfir, að hann beri alla ábyrgð á veitingum þeim, er fram hafi farið í «Geysi», síðan 1. maí þ. á., gagnvart lögnum og hinu opinbera, verið dæmdur í sekt, svo sem fyr hefur sagt verið.

Yfirdómurinn getur nú ekki sjeð, að það liggi í hlutarins eðli, að maður, sem, eins og kærði, hefur leyfi amtmanns til að halda veitingahús, missi þetta leyfi að sjálfögðu fyrir það þótt hann gangi í þjónustu annars manns og megi eigi halda áfram veitingunum eins fyrir það undir forstöðu þeirra, er hann ræður til þess. Þetta verður heldur eigi, að álitu yfirdómsins, leitt út úr lögum þeim, er leyfisbrjef kærða er byggt á, tilsk. 17. nóv. 1786, 10. gr. og tilsk. 13. júní 1787 II. 2., og þarsem leyfisbrjef kærða til að reka veitingarnar, 5. júlí 1887, sem lagt hefur verið fram hjer fyrir rjettinum í staðfestu eptirriti, eigi heldur inniheldur neina ákvörðun eða neitt skilyrði í þessa átt, þá verður að sýkna kærða af ákæru hins opinbera fyrir brot gegn 2. gr. fyrnefndra laga 10. febr. 1888. Hið annað kærutriði hins opinbera, er kærði var sýknaður af í máli þessu fyrir undirrjetti, brot gegn 7. gr. optnefndra laga, getur eigi komið til álita hjer fyrir rjettinum, með því að málinu hefur eigi verið áfrýjað af hálfu hins opinbera.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður málskostnaður allur að greiðast af almannaþje, þar með talin málflutningslaun sóknara og svaramanns hjer fyrir rjettinum, 10 kr. til hvors.

Meðferð málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Jón Ívarsson á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum dómum greiðist af almannaþje, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors.

Nr. 42/1889

Hið opinbera
gegn

Þóroddi Guðmundssyni

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað fyrir lögreglurjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn Þóroddi Guðmundssyni, og hann dæmdur fyrir leyfislausu lausamennsku í 20 kr. sekt og til þess að greiða 1 hundrað á landsvísu, eða 64 kr. 63 a., er hvorttveggja skyldi renna til helminga til hreppstjórans í Bessastadahreppi og til fátækra sjóðs nefnds hrepps. Loks er hann dæmdur til að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað. Lögreglurjettardóminum, er upp var kveðinn 9. marzm. þ. á., hefur verið skotið til yfirdómsins eptir beiðni hins kærða.

Hreppsnefndin í Bessastadahreppi hafði kært sakborning fyrir sýslumanni fyrir það, að hann mundi vera í ólöglegri stöðu. Tók sýslumaður hann því undir próf. Í prófinu sannaðist það eitt, að hinn kærði var til sjóróðra í Sveinskoti á Álptanesi, að hann ætti heima í Stóra-Saurbæ í Ölfusi, og að hann hefði verið vistlaus frá vinnuhjúaskildaga það ár. En það var alls